



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019

1. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019 vegna flutnings á afgangi og halla árið 2018.

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnslu árið 2019 verði hækkaðar um samtals 104.744 þ.kr. vegna flutnings á afgangi og halla árið 2018. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Viðauki 2019 (þ.kr.)
Íþrótt- og tómstundasvið ÍTR	11.901
Menningar- og ferðamálas MOF	-5.596
Skóla- og frístundasvið SFS	19.922
Umhverfis- og skipulagssv USK	10.431
Velferðarsvið VEL	15.082
Miðlæg stjórnslu RHS	26.503
Sameiginlegur kostnaður ÖNN	26.501
Samtals	104.744

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 9. september sl. var lögð fram tillaga borgarstjóra um flutning á halla og afgangi vegna ársins 2018. Í tillögunni var gert ráð fyrir að sviðsstjórar útfærðu tillögu til borgarstjóra að skiptingu á breyttum fjárheimildum á einstakar rekstrareiningar og kostnaðarstaði í samræmi við gildandi reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Miðað var við að afgangi yrði varið eða halla mætt á árinu 2019 og/eða árinu 2020 og borgarstjóri myndi leggja fram tillögu að breytingum á fjárheimildum vegna ársins 2019 þegar tillögur sviða um skiptingu lögju fyrir.

Í heildina hefur verið samþykkt að flytja nettó afgang vegna ársins 2018 að fjárhæð 187.875 þ.kr. Skiptingin er eftirfarandi.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	xxxx	Íþróttá- og tómstundasvið	Til 11.901
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til 8.702
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til 19.922
USK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið	Til 20.431
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til 46.744
RHS	xxxx	Miðlæg stjórnsýsla	Til 53.674
ÖNN	xxxx	Sameiginlegur kostnaður	Til 26.501
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -187.875
Samtals			0

Fagsvið hafa heimild til að skipta fjárhæðinni á tvö ár þ.e. 2019 og 2020. Þau hafa útfært skiptinguna þannig að gert er ráð fyrir að 104.744 þ.kr verði ráðstafað árið 2019, en 83.131 þ.kr verði ráðstafað árið 2020, eða skv. eftirfarandi:

Svið	Viðauki 2019 (þ.kr.)	Flutt til 2020
Íþróttá- og tómstundasvið ÍTR	11.901	
Menningar- og ferðamálasvið MOF	-5.596	14.298
Skóla- og frístundasvið SFS	19.922	
Umhverfis- og skipulagssvið USK	10.431	10.000
Velferðarsvið VEL	15.082	31.662
Miðlæg stjórnsýsla RHS	26.503	27.171
Sameiginlegur kostnaður ÖNN	26.501	
Samtals	104.744	83.131

Í eftirfarandi greinargerð er að finna útfærslu fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu á ráðstöfun viðbótarfjárheimilda í verkefni og sundurliðun á kostnaðarstaði eftir því sem við er komið.

Greinargerð:

Íþróttta- og tómstundasvið

Í fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að fjárheimildir ÍTR verði hækkaðar um 11.901 þ.kr vegna yfirfærslu afgangss frá 2018. Eftirfarandi tafla sýnir tillögu íþróttta- og tómstundasvið um hvernig skipta skuli afgangnum á milli kostnaðarstaða:

Skipting á kostnaði ÍTR		Viðauki 2019 (þ.kr.)
I2051	Atvinnumál skólafólks sumar 2019	2.000
I8400	Stefnumótun í Fjölskyldu og húsdýragarðinum	1.000
I8400	Skrifstofu gámar í FHG	2.000
I8400	Sumarstarfsmenn í FHG	4.000
I8469	Vinna við Íþróttastefnu ÍTR	1.901
I9320	Landsliðs verkefni í handbolta og körfubolta	1.000
Samtals		11.901

Menningar- og ferðamálasvið

Í fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að fjárheimildir MOF verði hækkaðar um 8.702 þ.kr vegna yfirfærslu afgangss frá 2018. Eftirfarandi tafla sýnir tillögu menningar- og ferðamálasviðs um hvernig skipta skuli afgangnum á milli kostnaðarstaða:

Skipting á kostnaði MOF		Viðauki 2019 (þ.kr.)	Flutt til 2020
3200	Borgarbókasafn		10.966
3300	Listasafn Reykjavíkur	-580	
3700	Borgarsögusafn	-5.016	-5.016
7400	EFA		8.348
Samtals		-5.596	14.298
Samtals yfirfærsla		8.702	

Borgarbókasafn: Ýmis búnaður vegna opins bókasafns (umframopnun)

Listasafn Reykjavíkur: Umfram ramma – endurgreiðsla Listasafns Reykjavíkur

Borgarsögusafn: Umfram ramma – endurgreiðsla Borgarsögusafns

EFA: Verður Nýtt í EFA verkefnið

Miðlæg stjórnsýsla

Gert er ráð fyrir að afgangi að fjárhæð 53.674 þ.kr verði að hluta til ráðstafað árið 2019 og að hluta til árið 2020. Eftirfarandi tafla sýnir tillögu Ráðhúss um hvernig skipta skuli afgangnum:

Skipting á kostnaði miðlægrar stjórnsýslu	Viðauki 2019 (þ.kr.)	Flutt til 2020
01160 Borgarlögmaður	2.723	
01410 Innri endurskoðun		2.159
Fjármálaskrifstofa		21.262
Mannréttindaskrifstofa	278	3.750
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	18.014	
Skrifstofa borgarstjórnar	2.127	
Skrifstofa þjónustu og rekstrar	2.519	
01405 Umboðsmaður borgarbúa	842	
Samtals	26.503	27.171

1. Borgarlögmaður

Því fjármagni (2.723 þ.kr.) sem embætti borgarlögmanns (kostnaðarstaður 01160) hefur verið úthlutað vegna rekstrarafgangs 2018 verður ráðstafað til launagreiðslna sérhæfðs skrifstofufulltrúa, sem ráðinn hefur verið í hlutastarf til áramóta til að mæta langtímaveikindum hjá embættinu. Hlutverk sérhæfða skrifstofufulltrúans er að aðstoða við uppgjör slysa- og skaðabótakrafna (með aðstoð lögmannna embættisins, annast frágang, þingmerkingu og innbindingu dómskjala gagnvart dómstólum, frágang skjala gagnvart kærunefnd útboðsmála, aðstoð við gerð hliðsjónargagna í dómsmálum, svörun almennra erinda og afleysingu við skrifstofustjóra embættisins. Jafnframt mun tilvitnuðu fjármagni verða ráðstafað til nauðsynlegrar endurmenntunar starfsfólks embættisins á sviði innkaupamála.

2. Innri endurskoðun

Afgangi IE verður ráðstafað í endurmenntun starfsfólks og komi til ráðstöfunar á árinu 2020.

3. Fjármálaskrifstofa

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur til ráðstöfunar 21.262 þ.kr. vegna flutnings á afgangi frá árinu 2018. Óskað er eftir því að ráðstafa fjármagninu á árinu 2020 og sundurliðun verði með eftirfarandi hætti.

Skipting á kostnaði FÁST	Viðauki 2019 (þ.kr.)	Flutt til 2020
Innkaupaskrifstofa	0	8.000
Skrifstofa sviðsstjóra	0	13.262
Samtals	0	21.262

Ráðstafað verði 8.000 þ.kr. á innkaupaskrifstofu. Fjármagnið verði nýtt til þess að styrkja skrifstofuna í ljósi innleiðingar á nýjum og breyttum innkaupareglum sem auka umtalsvert kröfur á skrifstofuna um eftirlit með innkaupum og innkaupasamningum, samræmingu og stöðlun gagna.

Ráðstafað verði 13.262 þ.kr. á skrifstofu sviðsstjóra. Fjármagnið verði nýtt til þess að styrkja stöðir sviðsins á sviði stjórnsýslu, mannauðs og fræðslu.

4. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa hyggst nota fjármagnið til þess að þýða efni á síðum Reykjavíkurborgar m.a. umsóknareyðublöð vegna þjónustu borgarinnar. Verkefnið er unnið samkvæmt aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Einnig að þýða efni sem snýr að starfsmönnum Reykjavíkurborgar svo sem starfsmannastefnu, trúnaðaryfirlýsingu og fleira.

5. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Skrifstofa borgarstjóra. Fjármagnið verður nýtt til að standa straum af kostnaði vegna greiningar og ráðgjafavinnu í tengslum við breytingar á skipulagi Reykjavíkurborgar.

Mannauðsdeild. Fjármagnið verður nýtt til að standa straum af kostnaði vegna áhættumats á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Síma- og upplýsingaþjónusta. Fjármagnið verður nýtt til að standa straum af kostnaði vegna áhættumats á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Akstur. Fjármagnið verði nýtt til að standa straum af kostnaði vegna viðgerða á árinu 2019.

Sameiginlegur kostnaður. Fjármagnið verður nýtt t.a.m. til að standa straum af kostnaði við standsetningu fjölnota starfsmanna- og fundarýmis á 1. hæð í ráðhúsi.

Upplýsinga- og vefdeild. Fjármagnið verður nýtt til að standa straum af kostnaði vegna forrita og tækjabúnaðar sem henta til myndvinnslu og myndbandagerðar ásamt aðkeyptrar vinnu til að fylgja eftir þróun í samfélagsmiðlun og myndabandagerð undanfarna mánuði.

Samstarfssjóður Nuuk-Reykjavík-Þórhöfn. Fjármagn verður nýtt til að bregðast við hækkuðu framlagi Reykjavíkurborgar til sjóðsins frá og með 2018 og til að bregðast við kostnaði vegna stjórnarfundar Vestnorræna sjóðsins árið 2019 sem haldinn verður í Reykjavík.

6. Skrifstofa borgarstjórnar.

Skrifstofa borgarstjórnar ætlar að nýta afganginn til að dekkja launakostnað vegna langtímaveikinda starfsfólks og ráðninga afleysingafólks.

7. Skrifstofa þjónustu og reksturs SPB

Rekstur skrifstofu þjónustu og reksturs var nálægt þolmörkum árið 2018 en þó náðist að halda honum í jafnvægi. Inneign er myndaðist við endurreikning innri leigu óskast færður á 01285, aðkeypt ráðgjöf. Áætlað er að nota fjármagnið til að kaupa aðstoð og ráðgjöf vegna vinnudaga og starfsdaga þar sem gildi og framtíðarsýn nýs þjónustu- og nýsköpunarsviðs verður mótuð ásamt miðlun á efni er tengist starfsemi.

8. Umboðsmaður borgarbúa.

Ráðinn verður verkefnastjóri tímabundið til að vinna að útfærslu á almennum umbótatillögum sbr. ákvörðun mannréttinda- og lýðræðisráðs frá 22. nóvember 2018. Þá liggur fyrir orlofsuppgjör vegna starfsmanns sem er að hætta.

Skóla- og frístundasvið

Í fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að fjárheimildir SFS verði hækkaðar um 19.922 þ.kr vegna yfurfærslu afgang frá árinu 2018.

Gert er ráð fyrir að afgangurinn verði nýttur í eftirfarandi verkefni:

- Greiðsla gangi upp í halla á þessu ári.
- Verkefni sem tengjast innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur.
- Lagfæringar á starfsaðstæðum nemenda og starfsmanna samkvæmt úttektum á starfsaðstæðum.

Einstakir starfsstaðir sem eru með afgang ber að leggja fram stutta greinargerð um ráðstöfun og leita samþykkis hjá sviðsstjóra SFS áður en farið er í ráðstöfun.

Umhverfis- og skipulagssvið

Umhverfis- og skipulagssvið hefur til ráðstöfunar 20.431 þ.kr. vegna flutnings á afgangi frá árinu 2018. Gert er ráð fyrir að 10.431 þ.kr. færist yfir á árið 2019 og 10.000 þ.kr. færist yfir á árið 2020 samkvæmt meðf. sundurliðun.

Skipting á kostnaði USK		Viðauki 2019 (þ.kr.)	Flutt til 2020
U1100	Skrifstofa Sviðsstjóra	10.431	
U5210	Matvælaeftirlit		5.000
U5220	Umhverfiseftirlit		5.000
Samtals		10.431	10.000

U1100 Skrifstofa sviðsstjóra: Gert ráð fyrir kostnaði vegna launa starfsmanns sem ráðinn var á skrifstofu sviðsstjóra til að vinna að innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum.

U5210 Matvælaeftirlit: Gert er ráð fyrir launum starfsmanns í tímabundna ráðningu vegna langtímaveikinda fastráðins starfsmanns. Viðbótaverkefni liggja fyrir s.s. sýnatökur á kjöti vegna innflutnings á fersku kjöti.

U5220 Umhverfiseftirlit: Hér er gert ráð fyrir launum starfsmanns í tímabundna ráðningu vegna langtímaveikinda. Verkefni sem ekki hefur verið hægt að komast í sl. ár eru t.d. eftirlitsverkefni vegna umgegni á lóðum og lendum á borgarlandi og við fyrirtæki.

Velferðarsvið

Gert er ráð fyrir að afgangi að fjárhæð 46.744 þ.kr. verði að hluta til ráðstafað árið 2019 og að hluta til árið 2020. Eftirfarandi tafla sýnir tillögu Velferðarsviðs um hvernig skipta skuli afgangnum:

Skipting á kostnaði VEL		Viðauki 2019 (þ.kr.)	Flutt til 2020
V1110	Skrifstofa Velferðarsviðs	5.340	
R6001	Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	6.693	
R3001	Þjónustumiðstöð - Breiðholt	3.049	
R5001	Þjónustumiðstöð Grafarvogur og Kjalarnes		4.037
R2001	Þjónustumiðstöð Laugardagur og Háaleiti		10.638
R1001	Þjónusutmiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða		16.987
Samtals		15.082	31.662

Sameiginlegur kostnaður (ÖNN)

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir ÖNN verði hækkaðar um 26.502 þ.kr. vegna yfirfærslu afgangss frá 2018. Skiptingin er eftirfarandi milli kostnaðarstaða.

Skipting á sameiginlegum kostnaði (ÖNN)		Viðauki 2019 (þ.kr.)
07150	Atvinnumál	22.962
08570	Úfljótswatn	1.000
09207	Viðburðir í Tjarnarsal	1.011
9513	Miðborgarmál	1.529
Samtals		26.502

Atvinnumál.

Fjármagnið verður nýtt til að fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með fötlun sbr. tillögu 2 stýrihóps um virkni sem samþykkt var í borgarráði 17. maí 2018.

Viðburðir í Tjarnarsal.

Fjármagnið verður nýtt til að standa straum af kostnaði vegna leigu á geymslu vegna Uppbyggingarsýningar Reykjavíkurborgar.

Miðborgarmál.

Fjármagnið verður nýtt til að standa straum af kostnaði vegna jólahalds í miðborginni.

Úfljótswatn.

Gert var ráð fyrir ýmsu viðhaldi árið 2018 sem þarf að framkvæma núna á þessu ári.

2. Viðauki vegna kostnaðarmats kjaranefndarraðaðra stjórnenda

Lagt er til að fjárheimildir eftirfarandi fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu árið 2019 verði hækkaðar um samtals 43.897 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 27.08.2019 um kjör þeirra stjórnenda sem undir hana heyrja.

Breytingin verði fjármögnuð af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og færist með eftirfarandi hætti:

Svið	Kostn.st.	Rekstrareiningar		Fjárhæð (þ.kr.)
BLÖ	xxxx	Borgarlögmaður	Til	1.007
END	xxxx	Innri endurskoðun	Til	1.087
FMS	xxxx	Fjármálaskrifstofa	Til	3.632
ÍTR	xxxx	Íþrótt og tómstundasvið	Til	1.750
MAR	xxxx	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.	Til	798
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	4.491
SBB	xxxx	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Til	3.463
SBS	xxxx	Skrifstofa borgarstjórnar	Til	882
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til	5.358
SPR	xxxx	Skrifstofa þjónustu og reksturs	Til	829
UMB	xxxx	Umboðsmaður borgarbúa	Til	911
USK.ES	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið ES	Til	1.436
USK.RK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið RK	Til	8.512
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	9.741
ÖNN	09126	Launa og starfsmannakostnaður	Frá	-43.897
				0

Greinargerð

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar (KNR) ákveður laun æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar en fylgist jafnframt með kjaraákvörðunum sviðsstjóra. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar skal hún fylgjast með ákvörðunum kjaranefndar ríkisins varðandi þau embætti sem höfð eru til viðmiðunar við ákvörðun kjara embættismanna Reykjavíkurborgar og tryggja að embættismenn borgarinnar njóti sambærilegra hækkana og embættismenn ríkisins. Einnig að endurskoða viðmiðin eftir þörfum. Töluverðar breytingar hafa verið á vinnulagi kjararáðs ríkisins og hefur það frá júní 2016 ekki ákvarðað almenna hækkun launa og KNR ekki heldur.

Við hækkun launa nú var litið til ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 60/2018 sem tóku gildi 19. júní 2018 og felldu úr gildi lög nr. 130/2016: „*hafi ný ákvörðun ekki verið tekin fyrir 1. maí 2019 skulu laun þessara aðila taka breytingum í samræmi við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa ríkisstarfsmanna eins og hún birtist í tölum Hagstofu Íslands fyrir næstliðið almanaksár.*“

Síðasta almenna launahækkun stjórnenda sem raðað var á grunni ákvörðunar KNR var í júní 2016. Síðan hafi engar almennar hækkunir orðið á launum félagsmanna. Kjaranefnd Reykjavíkur hækkaði laun stjórnenda sem undir hana heyra um 6,7% afturvirkkt frá 1. maí 2019. Er það sama prósentutala og launaþróun launa opinberra starfsmanna hjá ríki var á almanaksárinu 2018.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

e.u.